



*Mynd 1. nemendur að planta trjám*

## 1. Umhverfisnefndin

Í Þjórsárskóla er valið í umhverfisnefndina með leynilegri kosningu eftir umræðu um lýðræði. Fulltrúar nefndarinnar 2020-2022 er Jóhann Ívar Gunnarsson, Snorri Ingvarsson, Tryggvi Hrafn Árnason, Hrafnhildur Ágústsdóttir (ræstitæknir) og Bolette H. Koch (verkefnastjóri)

Nemendur eru meirihluta. Í Þjórsárskóla eru 44 nemendur svo nefndin er ekki stór. Þrír nemendur og tveir fullorðnir.

## 2. Mat á stöðu umhverfismála

Í upphafi nýs tímabil fórum við yfir stöðuna. Á fyrstu fundum eftir að við fengum 9. fánann unnum við nýtt mat saman. Nemendur í umhverfisnefndinni skiptust á að lesa upp kafla í umhverfisgátlistanum og við ræddum saman. Þetta tók langan tíma en ég met þetta

svo mikilvægt að það er gott að nota góðan tíma í þetta. Á þessum fundum vorum við öll saman í nefndinni.



Mynd 2. Árshátíð með endurvinnslu

### 3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Þemað okkar er náttúruvernd

Að nemendur:

Læra um landnýtingu í þéttbýli

Læra um landnýtingu í óbyðum

Skoða byggingar í Árnesi og Brautarholti gera tillögur

Skoða skipulagið á afrétt Gnúpverja

Kynnast og læra um barnaáttmála UN

Markmið	Aðgerðir	ábyrgir	Efni/áhöld
Landnýting	1.Nemendur skoða landnýtingu í Árnesi og Brautarholt. 2.Athuga með skipulagið 3.Gera tillögur. 1.Nemendur skoða beit á afréttinum 2.Athuga með að moka ofan í skurði 3.Gera tillögur	umhverfisnefnd	Teikningar, loftmyndir og vettvangsferðir
Byggingar	1. Nýbyggingar í Árnesi og Brautarholt 2. Gera tillögur um úrbætur 3. Fara yfir barnsáttmála UN	umhverfisnefnd	Ræða við sveitarstjóra

Eftir að hafa farið yfir gátlistann völdum við markmið, vegna þess að við sáum að við gátum bætt okkur í nærumhverfinu. Umhverfisnefndin setti markmiðin saman og var hún samstíga. Prentað var út markmiðasetningablað og notað sem vinnublað. Allar hugmyndir sem fram komu voru skrifaðar niður og svo valið úr.

Farið var yfir markmiðin á starfsmannafundi og nemendur í umhverfisnefndinni fóru í alla bekkir og sögðu frá, til þess að allir í skólanum viti hvað stendur til næstu tvö árin.



Mynd 3. Smíðaverkefni úr skógarefni

#### 4. Eftirlit og endurmat

Það gekk vel að vinna með markmiðsetningu. Mér finnst mikilvægt að kenna nemendum í leiðinni hvernig við vinnum svo áætlun og við endurmetum jafnóðum. Þegar við höfðum til dæmis farið í alla bekki fórum við yfir hvernig tiltókst á næsta fundi. Við höfum þá reglu á að byrja fundi með að rifja upp hvað gerðist síðast og ræða skipulagið. Við munum svo fara yfir þessi tvö ár áður en við byrjum upp á nýtt með ný markmið. Við fórum sjálf yfir það sem gekk vel og það sem betur mætti fara.



Mynd 4. Nemendur smíðuðu kassabíla úr gömlum barnavögnum

## 5. Námsefnisgerð og tenging við aðalnámsskrá

Við fórum í vettvangsferð um Árnes, og gerðum tillögur að úrbætur við skipulagið. Við höfðum samband við sveitarstjóra og hann útvegaði okkur loftmyndir og ræddi við okkur um hvernig unnið er með skipulagið. Fórum í vettvangsferð um Árnes og teiknuðum upp hugmynd að skipulagi með þrautabraut, leiksvæði og byggingar.

Nemendur í skólanum tóku að mestu leyti þátt í öllu verkefni, samt kláruðum við. Einungis vinnan við Barnasáttmálann var í í 7. bekk. Svo var seinna verkefnið ferðin inn á afrétt, því miður ekki unnið. Covid gerði okkur þetta erfitt.



Mynd 5-7. Synishorn af veggspjöld um barnasáttmálan

Önnur verkefni sem við unnum var til dæmis: Það kom nýtt ruslakerfi í sveitina og við fórum inn í alla bekki og fræddum nemendur um það. Við erum í verkefninu Vistheimt og hefur það haldið áfram. Við vinnum mikið með að endurnýta efni sem til fellur. Við notum efni í smíðakennsluna sem við fáum í Þjórsárdalsskógi, mikið af textílkennslu er með endurvinnslu og endurhönnun í huga. Við plöntum trjám á hverju ári og ræktum kartöflur í moltu sem til fellur í skólanum. Allt skólastarf hér tekur mið af sjálfbærni





Mynd 8.. Jól í skókassa er hluti af verkefnum okkar.

Allir nemendur vinna að markmiði skólans en á mismunandi vegu

### Umhverfismennt í öllum árgöngum

Markmið sem við vinnum eftir:

Að nemendur

- fræðist um sjálfbærni og skynji “ein jörð fyrir alla”
- hafi jákvæð viðhorf til alls lífs og umhverfis
- öðlist þekkingu á umhverfi sínu og hringrásum í náttúrunni
- vinni að verkefnum sem stuðla að bættu umhverfi
- flokki pappír, fernur, endurnýtanlegt rusl og lífrænt rusl
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnslu
- tíni rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmennt
- endurnýti náttúruleg efni í hönnun og smíði
- endurnýti/geri við hluti að heiman í hönnun og smíði
- fræði foreldra og samfélagið um umhverfismennt
- fræðist um orku
- fræðist um sjálfbærni og nýti sér þekkingu sína í vinnu í skólanum

Reynt er að flétta umhverfismennt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði/samfélagsfræði/hönnun og smíði/textílmennt/útikennslu. Nemendur vinna námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Bjórsárskóla. Einnig verða ýmsar handbækur um umhverfismennt notaðar. Umhverfi skólans og þjóðskógurinn í Bjórsárdal verða einnig notuð

## 6. Kynning á stefnunni

Því miður gátum við ekki boðað foreldra eða aðra í skólann á þessu tímabil, en við settum myndir og umfjöllun á heimasíðu okkar. Eins er hvert tækifæri sem gefst notað til að ræða við nemendur um grænfánann og hvaða þýðingu það hefur fyrir okkur. Nemendur sem fara frá okkur taka vitneskju með sér og vonandi nýta þeir hana .

## 7. Umhverfissáttmáli

Við erum að vinna nýjan sáttmála, þar sem rödd barna kemur betur fram. Við byrjuðum með að nemendur teiknuðu myndir og ræddu hvað sáttmáli er. Þetta ferli var lengra en gert var ráð fyrir og því miður kláruðum við ekki og sendi ég ykkur sáttmálann okkar, sem enn þá er í gildi. Reikna með að klára sáttmálann í haust.

## Umhverfissáttmáli Þjósárskóla

- Styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð
- Nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- Skóli og heimili taki höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- Örva og efla vitund nemenda um gildi þess að umgangast landið af virðingu
- Nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- Umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Þjósárskóla, júní 2022

Bolette Høeg Koch

Fundargerð

22.okt 2020 kl. 13:30

Mættir voru Vésteinn, Baldur, Snorri og Bolette

1. Rætt var um hvaða tími væri bestur fyrir okkar vikulega fund. Nemendur komu sér saman um að fimmtudagar kl. 13:30 væri góður tími. Bolette falið að ræða við kennara um hvort það gengur.
2. Við fórum í gegnum þema verkefnisins og okkur langaði að taka Lífbreytileika eða náttúruvernd eða neyslu og úrgang. Við tókum verkefni um rusl í fyrra. Þannig að niðurstaðan var að taka náttúruvernd.
3. Við ætlum að undirbúa markmiðsetningu fyrir næsta fund og setja hana saman.
4. Svo liggur fyrir að fara gegnum gátlistann.

Fundi slitið 13:41

15.10.2020 kl. 9:40

Mættir: nemendur í 7.bekk og Bolette

1. Fórum yfir gátlistann sem umhverfisnefnd fyllti út í vor. Miklar umræður voru um gler, rafhlöður og pappír.
2. Umræða um skólalóðina og hvað mætti betur fara.
3. Umræða um rusl eftir fótboltaæfingar og tónlistartíma.

Fundi slitið kl. 10:20

11.1. 2022 kl. 13:05

Mættir: Jóhann Í., Snorri, Tryggvi og Bolette sem ritaði fundargerð

1. Farið yfir hvað hefur gerst frá því að við funduðum síðast. Nefndin ræddi um að finna nýjan tíma til að funda á, erum í vandræðum með að komast öll.
2. Farið yfir reglur um pappír
3. Finna tíma til að fara í bekkina og fræða nemendum um nýja flokkunnarkerfið
4. Rætt um vinna með sáttmálann, og hvernig við getum unnið úr tillögum.

Fundi slitið kl. 13:40

27.1.2022 kl. 13:05

Mættir: Jóhann Í., Snorri, Tryggvi og Bolette sem ritar fundargerð

1. Rifja upp síðasta fund
2. Skipta verkefni á milli Snorra, Jóhanns og Tryggva  
Tryggvi: tekur umfjöllun um pappír  
Snorri: um plast og nýja tunnuna  
Jóhann: um moltu



3.Rædd um hvernig er best að fræða nemendur í bekkjunum.

Fundi slitið 13:20

31.1. 2022 kl. 8:25

Mættir: Jóhann Í., Snorri, Tryggvi og Bolette sem ritar fundargerð

1. rifja upp skipulagið fyrir fundi í bekkjunum

2. farið með fræðslu inn í bekki

Rædd á eftir hvernig gekk, það gekk vel hjá öllum og nemendur spurðu og voru áhugasamir

Fundi slitið 9:00